

9. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, og á lögum, um breyting á þeim lögum, nr. 35, 3. nóvbr. 1915.

(Lagt fyrir Alþingi 1917).

1. gr.

Aftan við 1. málsg. í 2. gr. laga nr. 39, 11. júlí 1911, breytta samkvæmt lögum nr. 35, 3. nóvbr. 1915, bætist:

»Auk þessa styrks fá sjúkrasamlögin endurgoldinn úr landssjóði fjórðung sjúkráhússkostnaðar, þó ekki meira en 75 aura á hvern samlagsmann, miðað við meðaltal samlagsmanna á árinu«.

2. gr.

Upphaf 3. gr. laga nr. 39 frá 11. júlí 1911 orðist svo:

»Þessi eru skilyrðin fyrir því, að sjúkrasamlag geti orðið lögskráð, og notið styrks úr landssjóði samkvæmt næstu grein á undan«.

Aftan við 1. málsgrein 5. töluliðs í sömu lagagrein bætist:

»Þó skal fjelagi jafnan greiða sjálfur lyf þau að fjórðungi, er hann fær í heimahúsum eða utan sjúkráhúss«.

3. gr.

Ákvæði það, um »Sjúkrasamlag prentara í Reykjavíki«, er með 2. gr. laga nr. 35, 3. nóvbr. 1915, er bætt aftan við 3. gr. 2 c í lögum nr. 39, 11. júlí 1911, fellur burtu.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal færa breytingar

þær og viðauka, sem ræðir um í þeim og í lögum nr. 35, 3. nóvbr. 1915, inn í texta laga um sjúkrasamlög nr. 39, 11. júlí 1911.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Reynslan hefir sýnt, að með þeim iðgjöldum, sem til þessa hefir þótt fært að taka, og þeim landssjóðsstyrk, sem nú er, geta sjúkrasamlögin ekki borið sig. En það hefir mikla þýðingu, að samlög þessi geti þrífist, og hefir ráðuneytið því tekið það til ihugunar, hvað tiltækilegt væri að gjöra til þess að rjetta við hag þeirra. Ráðuneytið hefir snúið sjer til hr. cand. polit. Georgs Ólafssonar, sem sjerstaklega hefir kynt sjer sjúkrasamlagsmálefni, og beiðst á-lits hans. Hefir hann rætt málið við ráðuneytið og við landlækni, og látið uppi álit sitt í brjefi til ráðuneytisins, sem prentað er hjer á eftir. Leggur hann það til, að styrkurinn til samlaganna úr landssjóði verði bundinn því skilyrði, að fjórðungur lyfjakostnaðar að minsta kosti hvíli á samlagsmönnum sjálfum, og ennfremur að styrkurinn úr landssjóði sje aukinn þannig, að sjúkrasamlögunum verði endurgreiddur fjórðungur sjúkráhússkostnaðar, þó eigi meira en 75 aurar á hvern samlagsmann, miðað við meðaltal samlagsmanna á árinu.

Landlæknir mælir eindregið með þessum tillögum, og telur bráðnaudsynlegt að tekin sje til greina tillagan um endurgreiðslu $\frac{1}{4}$ hluta sjúkráhússkostnaðar. Bendir hann á að sú tillaga sje alveg rjettmæt, af því að sjúkráhúsum er hjer lagt svo margfalt minna af opinberu fje en í öðrum löndum. Ráðuneytið verður einnig að telja þetta líklegustu leiðina til umbóta, og kostnaðurinn yrði aldrei mjög mikill. En það liggur í augum uppi, að slíkar breytingar mundu, ef þær kæmust í framkvæmd, hafa mikil og góð áhrif á hag samlaganna. Þó mundu samlögin samt sem áður eigi komast hjá hækkun iðgjaldanna, en hækkunin gæti sennilega verið skapleg, og þá ekki skaðleg. Annars virðist eigi þörf frekari skýringa en skýringanna í brjefi hr. Georgs Ólafssonar, og vísast til þess. Aðeins ber þess að geta útaf 3. gr. frumvarpsins, að það hefir þótt rjett, ef breytt yrði á annað borð lögunum um sjúkrasamlög, að þá yrði um leið felt burtu úr lögum nr. 35, 3. nóvbr. 1915, ákvæðið síðast í 2. gr., um »Sjúkrasamlag prentara í Reykjavík«. Ákvæðið er af misskilningi komið inn í lögin. Þarf þetta engra skýringa við, því það er ljóst, ef athugað er, að sjúkrasamlagslögin ná alls eigi til þessa sjúkrasamlags, enda hefir aldrei verið beiðst lögskráningar fyrir það samlag eða styrks beiðst því til handa.

Fylgiskjal.

Samkvæmt tilmælum hæstvirts forsætisráðherra leyfi jeg mjer hjer með að skýra hinu háa stjórnaráði frá því, er mjer virðist brýnust nauðsýn vera á, að gert sje til þess að sjúkrasamlögin komist í viðunandi horf.

Fyrsta alment sjúkrasamlag, er stofnað var hjer á landi, Sjúkrasamlag Reykjavíkur, sneið samþykkt sína að mestu leyti eftir því, sem venja var í dönskum sjúkrasamlögum. Reynsla var hjer engin fyrir kostnaði við slík trygg-ingarfjelög og varð því eigi farið eftir öðru en reynslu nágrannaþjóðanna í þessu efni; iðgjöld samlagsmanna voru því einnig ákveðin svipað því, er tíðk-aðist í dönskum sjúkrasamlögum.

Lögin um sjúkrasamlög mörkuðu samlögunum verksvið á sama grund-velli og Sjúkrasamlag Reykjavíkur starfaði. Þegar lögin komust í framkvæmd hafði Skjúkrasamlag Reykjavíkur aðeins starfað 3 ár tæp. Samlagið var þau árin mjög fáment og reynsla þess sannaði því lítið. Í fyrirmyndarsamþykktum þeim, er stjórnarráðið gaf út, var haldið nær óbreyttum iðgjöldum Sjúkrasam-lags Reykjavíkur, en til þess að tryggja samlögin betur, voru takmörkuð nokk-ud hlunnindi samlagsmanna.

Nú hefir reynsla sú, er síðan er fengin, sýnt að hvorki Sjúkrasamlag Reykjavíkur nje önnur samlög, er stofnuð hafa verið, geta borið sig með þeim landssjóðssyrk, sem nú er, sje iðgjöldum og hlunnindum samlagsmanna haldið óbreyttum. Samlögin hafa lifað á gjöfum, ágóða af skemtunum, hlutaveltum og þess háttar; allmikið fje hefir runnið til þeirra á þennan hátt, en samt hefir ekkert samlaganna getað komið sjer upp varasjóði og hefir meira að segja verið jafnan tekjuhalli. Tölur þær, er hjer fara á eftir, sýna hve miklu þessar aukatekjur hafa numið í Sjúkrasamlagi Reykjavíkur árin 1913—1916, og ennfremur hve tekjuhallinn hefir orðið hár, þrátt fyrir að aukatekjunum hefir verið eytt í venjuleg útgjöld.

	A.	B.	
	Aukatekjur:	Tekjuhalli:	A + B
1913.	50,00	89,31	139,31
1914.	1712,43	350,94	2063,37
1915.	604,35	573,00	1177,35
1916.	1084,00	3416,22	4500,22

Tekjuhallinn, einsog hann hefði verið, ef samlagið hefði engar aukatekj-ur haft, sjest í 3. dálki. Þó er eigi tekið tillit til þess að viðtökugjöld og árs-gjöld hlutlausra samlagsmanna eiga að renna í varasjóð, en þeim hefir einnig verið eytt öll árin til venjulegra útgjalda samlagsins. Það er augljóst að úti er um samlögin, ef þessu heldur áfram. Tekjur af iðgjöldum og opinberum styrk verða í venjulegu ári að standast á við útgjöld og, ef vel á að vera, tekjuaf-gangur í meðal veikindaári. Allar aðrar tekjur verða að renna í varasjóð, sem er hægt að grípa til, þegar óvenjumikil veikindaár ber að höndum.

Sjúkrasamlögin hjer, sem annarsstaðar, stefna að því að ná til alls meginþorra tekju- og efnalítilla manna. Þessu takmarki verður eigi náð nema því aðeins að gjöldin sjeu lág. Hið opinbera verður því að gera alt, sem hægt er, í þágu þeirra, er örðugast eiga, til þess að hagur samlaganna verði sæmi-legur, án þess að iðgjöldin sjeu hækkuð að mun.

Líklegasta leiðin til þess að samlögunum verði komið í rjett horf, virðist mjær vera:

- 1) að styrkurinn úr landssjóði verði bundinn því skilyrði, að minst $\frac{1}{4}$ hluti lyfjakostnaðarins hvili á samlagsmönnum sjálfum.

Með því móti yrði töluvert af beinum kostnaði ljett af samlögunum; t. d. var lyfjakostnaður Sjúkrasamlags Reykjavíkur síðastliðið ár kr. 4245,71, og hefði þá um 1060 krónum verið ljett af samlaginu. Aðalkosturinn ætti þó að vera sá, að samlagsmenn mundu þá eigi nota lyf eins óspart og hingað til og lyfjakostnaðurinn lækkaði því í heild sinni. Einsog nú er, má búast við sífeldri hækkun lyfjakostnaðarins og af því leiðir óhjákvæmilega hækkun iðgjalda. Gera má ráð fyrir að enn eitt gott hafi breytingin í för með sjer. Samlagsmenn nota yfirleitt meira lækni en aðrir; það er þeim sjálfum engin aukin útgjöld þótt lækni sje óþarflega oft vitjað. Læknisvitjun við kvefi og öðrum smákvillum mundi vafalaust minka að mun, ef lyfjakostnaðurinn hvildi að nokkru á samlagsmönnum sjálfum.

- 2) að styrkurinn úr landssjóði sje aukinn þannig, að sjúkrasamlögunum endurgreiðist $\frac{1}{4}$ hluti sjúkrahúskostnaðar, þó ekki meira en 75 au. á hvern samlagsmann, miðað við meðaltal samlagsmanna á árinu.

Samkvæmt lögum um sjúkrasamlög er samlögunum skylt að láta í tje ókeypissjúkrahúsvist. Þannig er það einnig í Danmörku, en óvíða annarsstaðar. Þar sem samlögunum er ekki lögð þessi skylda á herðar, haga þau sjer eftir ástæðum með það, hvort sjúkrahúsvist skuli látin í tje eða eigi, en auðvitað eru sjúkratryggingar þá miklu ófullkomnari en ella, og getur því eigi komið til mála að leysa samlögin frá þessari skyldu.

Sjúkrahúskostnaður hjer er miklu hærri en í Danmörku. Þar fá samlögin mjög ódýra sjúkrahúsvist handa samlagsmönnum; gjaldið er víðast kr. 0,50—1,00 á dag fyrir mann og í því gjaldi felst læknishjálp og lyf. Hjer aftur á móti kostar sjúkrahúsvist á Jósepssystra spítala kr. 1,75 á dag, og auk þess er sjerstök borgun fyrir læknishjálp og lyf, en á heilsuhælinu á Vífilstöðum kostar vistin kr. 2,00 á dag og er læknishjálp þar í falin.

Sjúkrahúskostnaður er sá útgjaldaliður, er reynist öllum sjúkrasamlögum, sem ekki eru því stærri og öflugri, einna hættulegastur, og að sjálfsögðu því hættulegri sem sjúkrahúsvistin er dýrari. Hjer er það dvöl samlagsmanna á heilsuhælinu, sem getur valdið samlögunum mestuní fjárhagslegum hnekki. Á heilsuhælinu er sjaldan um skamma dvöl að ræða og litlum samlögum getur það því riðið að fullu, að einn eða fleiri samlagsmenn verða að fara þangað. Fyrir samlögin er þannig lagaður styrkur því miklu hollari en bein hækkun á landssjóðsstyrk þeim, sem fyrir er, þar hann miðast að nokkru við útgjöld hvers samlags og verður því hærri, sem meiri er þörfin fyrir hann. Styrkur þessi mundi þó eigi stöða mikið ef stór óhöpp bæri að höndum. Eina örugga ráðið til þess að koma í veg fyrir, að einstök samlög geti orðið fyrir óbærilegum fjárhagshnekki af heilsuhælikostnaði og öðrum sjúkrahússkostnaði, er

að samlögin myndi með sjer endurtryggingu á einmitt þessum útgjaldaliðum, en til þess eru þau enn of fá og smá.

Nú munu vera í lögskráðum samlögum um 1500 manns, og yrði þá styrkurinn í mesta lagi rúmar 1100 kr. Til þess nokkru nánar að sýna hversu styrkurinn mundi koma niður, eru hjer settar þær upphæðir, er Sjúkrasámlag Reykjavíkur mundi hafa fengið árin 1913—1916.

	Meðaltal	¹ / ₄ sjúkrahússkostnaðar		Styrkur:
	samlagsm.	Alls kr.	A mann kr.	kr.
1913.	199	85,00	0,43	85,00
1914.	323	259,00	0,80	242,00
1915.	509	302,00	0,59	302,00
1916.	780	524,00	0,68	524,00

Sje hámark styrksins ákveðið 75 aurar á samlagsmann, hefir það áhrif á styrkuppheðina eitt árið (1914). Miklar líkur eru fyrir því, að styrkurinn mundi oftast verða fyrir neðan hámarkið; næmi það því eigi miklu þótt hámarkið væri ákveðið t. d. 1 kr., en litlum samlögum gæti það komið sjerlega vel, þar eð einmitt þeim er hættast við miklum sjúkrahússkostnaði miðað við tölu samlagsmanna.

Þótt báðar þessar breytingar komist í framkvæmd, verða samlögin að hækka iðgjöldin nokkuð, en án breytinga í þessa átt verður hækkun iðgjaldanna að vera rifleg, eigi hún að vera til frambúðar. Verði að taka til þessa ráðs að hækka iðgjöldin verulega, er hætt við að algjört taki fyrir stofnun nýrra samlaga og vöxt þeirra, er þegar eru stofnuð.

Reykjavík, 13. mars 1917.

Virðingarfylst.

Georg Ólafsson.

Til

Stjórnarráðs Íslands.